

Ed. **472. Nefndarálit** [151. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og sent það til stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands til umsagnar. Kom fram í svarbréfi sjóðsstjórnarinnar, að hún taldi sig geta mælt með efni frumvarpsins, en gerði jafnframt tillögu um nokkra orðalagsbreytingu. Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með svofelldri

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:

Á eftir 1. másl. 1. málgr. 5. gr. laganna komi nýr másl., svo hljóðandi:

Þó má veita eigendum innlendra skipasmíðastöðva bráðabirgðalán til smíði fiskiskipa, meðan á smíði stendur, gegn ríkisábyrgð.

Alþingi, 16. maí 1960.

Jón Árnason, Eggert G. Þorsteinsson, Kjartan J. Jóhannsson.
form., frsm. fundaskr.

Björn Jónsson. Sigurvin Einarsson.